

Nefnasvið Alþingis

Reykjavík, 5. nóvember 2025.

Efni: Samantekt Mannréttindastofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016 (afturköllun alþjóðlegrar verndar), þskj, 112, 112. mál.

Vísað er til fundar allsherjar- og menntamálanefndar þann 4. nóvember sl., þar sem nefndin óskaði eftir samantekt frá Mannréttindastofnun Íslands um ofangreint frumvarp.


Líkt og fram kom á fundinum tekur Mannréttindastofnun Íslands undir umsögn Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og hvetur til þess að tekið verði tillit til hennar. Þá minnti stofnunin á að núgildandi lög um útlendinga, nr. 80/2016 (útl.) voru sett í þverpólitískri sátt með mannúð og skilvirkni að leiðarljósi í því augnamiði að koma hér á gagnsæju, skilvirku og ekki síst mannúðlegu verndarkerfi. Er það von stofnunarinnar að þessi sjónarmið verði áfram höfð að leiðarljósi.

Hér fyrir neðan eru helstu atriðin sem stofnunin lagði áherslu á á fundinum.

1. Í fyrsta lagi var tekið undir athugasemdir annarra umsagnaraðila þegar kemur að fyrirhuguðum breytingum á c-lið 2. mgr. 40. gr. útl. Fyrirhugaðar breytingar ganga lengra en alþjóðlegar skuldbindingar á sviði flóttamannréttar gera ráð fyrir, þar sem flóttamannasamningurinn heimilar ekki útilokun alþjóðlegrar verndar þegar ástæður flóttá viðkomandi uppfylla að öðru leyti skilyrði flóttamannastöðu samkvæmt 1. mgr. 37. gr. útl. Mannréttindastofnun Íslands hvetur nefndina til að gera breytingar á frumvarpinu að þessu leyti og tryggja að lögin gangi ekki gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.
2. Samkvæmt b-lið 3. gr. á að fella á brott það skilyrði að stjórnvöldum beri við afturköllun alþjóðlegrar verndar að taka til athugunar hvort veita eigi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr. Er þessi breyting lögð til án þess að henni fylgi rökstuðningur eða nánari skýringar og tekur breytingin til allra tilvika, óháð grundvelli afturköllunar. Mun breytingin því hafa það í för með sér að ekki fer fram mat á aðstæðum einstaklings sem fær vernd sína afturkallaða, til að mynda vegna breyttra aðstæðna í heimalandi, þrátt fyrir að slíkt mat færi fram ef umsókn einstaklings frá sama landi yrði synjað á grundvelli sömu breyttu aðstæðna. Því geldur Mannréttindastofnun Íslands varhug við þeirri fyrirætlan að falla frá framangreindu skilyrði – sérstaklega þegar kemur að viðkvæmum hópum, þar á meðal fötluðu fólki.
3. Einnig var gerð athugasemd við 10. gr. frumvarpsins, sem felur m.a. í sér að í vegna brottfalls 2. mgr. 74. gr. geti fólk sem þegar hefur fengið mannúðarleyfi á grundvelli ákvæðisins ekki endurnýjað leyfið á þeim grundvelli, heldur þurfi það að fara yfir á annars konar leyfi. Ef talið er nauðsynlegt að færa fólk yfir á annars konar dvalarleyfi

er talið rétt að það fái mannúðarleyfi skv. 1. mgr. 74. gr. og haldi því þeim réttindum sem fylgja mannúðarleyfi sem fólkinu hefur þegar veitt.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Íslands